

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Neðangreind deiliskipulög hafa verið samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, eftir að hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin taka gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

1) Naustahverfi, 1. áfangi.

Skipulagssvæðið afmarkast að austan af Þórunnarstræti vestan kirkjugarðs og að norðan af fyrirhugaðri Miðhúsabraut sunnan Teigahverfis. Skipulagið gerir ráð fyrir 327 íbúðum, auk grunnskóla, leikskóla og húsnæðis fyrir þjónustu. Um er að ræða fyrsta áfanga Naustahverfis, sem áætlað er að teygi sig allt frá núverandi byggð sunnan VMA og suður undir Kjarnaskóg.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 23. apríl 2002.

2) Naust III, lóð Minjasafnsins á Akureyri.

Skipulagssvæðið er lóð Minjasafnsins í Naustahverfi ásamt umlykjandi opnu svæði. Gert er ráð fyrir að helstu núverandi byggingar að Naustum III standi áfram, og að til viðbótar verði reist geymsluhús og verkstæði á lóðinni.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 19. mars 2002.

3) Íbúðarsvæði v. Lindasíðu.

Deiliskipulagið tekur til reits milli Hlíðarbrautar og Lindasíðu, næst Austursíðu, og gerir ráð fyrir allt að 22 íbúðum í einnar hæðar raðhúsum.

Innan marka skipulagsins er einnig opið svæði meðfram Hlíðarbraut, með hljóðmön næst íbúðarlóðunum.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 7. maí 2002.

Akureyri, 18. júní 2002.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.